

orspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf, sbr. ákvæði 61. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Lagadeild setur nánari reglur um framkvæmd doktorsvarna.

16. gr.

*Lærdómstitlar.*

Doktorspróf við lagadeild, að undanegnu doktorsnámi samkvæmt reglum þessum, veitir lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.).

17. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lagadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 25. janúar 2005.*

**Páll Skúlason.**

---

*Pórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Naustareitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. desember 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir Naustareit vegna sameiningar lóðanna að Vesturgötu 6-10 og Tryggvagötu 18.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sogamýri.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sogamýri.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. febrúar 2005.*

**Helga Bragadóttir.**